

125.fundur skólanefndar Stykkishólmsbæjar haldinn 6.mars kl. 17:30 í Ráðhúsi Stykkishólms

Mættir: Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður, Sigurður A. Þórarinnsson fulltrúi, Sigrún Þórsteinsdóttir skólastjóri leikskólans, Elísabet Lára Björgvinsdóttir fulltrúi starfsfólks leiksskólans, Steinunn María Þórsdóttir fulltrúi foreldrafélags leikskólans, Hrefna Frímansdóttir og Haukur Garðarsson fulltrúi.

Formaður setti fund klukkan 17:30

Dagskrá:

1. Skýrsla leikskólastjóra

- a. Kolbrún Ýr Ólafsdóttir fór í fæðingarorlof 1. febrúar í staðinn fyrir hana var ráðin Una Særún Karlsdóttir í 100% stöðu. Una er í kennaranámi.
- b. 31. mars hættir Birta Antonsdóttir og í hennar stað hefur verið ráðin Aþena Eydís Kolbeinsdóttir, hún byrjaði 1. mars í öðrum forföllum í leikskólanum. (Veikindi, óviðráðanlegar fjarvistir ofl.)
- c. Eitt barn byrjaði á Nesi um áramót.
- d. Þrjú árs gömul börn eru að byrja á aðlögun á Vík þar sem sagt var óvænt upp fyrir eitt barn og annað barn afþakkaði leikskóladvöl til haustsins. Þá gátum við boðið þessum þremur börnum vistun hluta úr degi til að byrja með.
- e. Ásta talmeinafræðingur er búin að koma einu sinni eftir áramót og kemur aftur í lok mars.
- f. Inga sálfræðingur kemur reglulega hingað einu sinni í mánuði.
- g. Frá áramótum erum við búin að: hafa þorablót, halda upp á dag leikskólans 6. febrúar með foreldrakaffi, halda upp á bolludag, sprengidag og öskudag, þar sem börnin bjuggu sér til sína öskudagsbúninga, slóu köttinn úr tunnunni og höfðu ball.
- h. Elstu börnin eru búin að fara í heimsókn í grunnskólann og yngstu börn grunnskólans búin að koma hingað í heimsókn.
- i. Við erum núna með leikskólakennaranema, Steinunni Ölvu Lárusdóttur sem verður hér í 3 vikur og vinnur með börnunum á Ási. Verkefni hennar snúa m.a. að hreyfingu og leikrænni tjáningu úti sem inni
- j. Það var starfsdagur hér 1. mars þar sem við fórum yfir skyndihjálpi með Einari Strand í 4 tíma allt starfsfólk einnig fengum við fyrirlestur frá Emil Einarssyni sálfræðing um HAM o.fl. Við vorum mjög ánægðar með starfsdaginn okkur nýtist þetta hvortveggja mjög vel.

- k. Fulltrúar frá okkur fóru á námskeið á vegum Blátt áfram en þetta námskeið var styrkt úr velferðarsjóði Valitor.
- l. Leikskólinn verður lokaður vegna sumarleyfa frá 5. júlí til 9. ágúst. Foreldrar fá tölvupóst þar sem þeim er boðið að taka lengra sumarfrí fyrir börnin sín og niðurfellingu á leikskólagjaldi.
- m. Sótt var um í Sprotasjóð fyrir áframhaldandi vinnu við verkefni Önnu – Lindar. Svör berast í byrjun maí.
- n. Foreldraviðtöl eru áætluð í næstu viku, þau verða nánar auglýst síðar.

2. Innritunarreglur leikskóla

Innritunarreglur leikskólans voru endurskoðaðar. Eftir umræður og umfjöllun og endurbætur voru reglurnar samþykktar og sendar til Bæjarráðs til samþykktar.

3. Önnur mál

Engin önnur mál voru á dagskrá.

Fundarritari var Haukur Garðarsson. Fundargerð var upplesin samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:58

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, formaður, (sign),

Sigrún Þórsteinsdóttir, skólastjóri leikskóla, (sign),

Haukur Garðarsson, fulltrúi, (sign),

Sigurður A. Þórarinsson, fulltrúi, (sign),

Steinunn María Þórsdóttir, fulltrúi foreldrafélags leikskóla, (sign),

Elísabet Lára Björgvinsdóttir, fulltrú starfsfólks leikskóla, (sign),

Hrefna Frímansdóttir, fulltrúi, (sign).